



**305. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn á Microsoft Teams miðvikudaginn 21. apríl 2021 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll: Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti og Ása Ólafsdóttir.**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Fjárhagslegar upplýsingar**

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram fullbúinn ársreikning ÍSÍ og endurskoðunarskýrslu Tryggva E. Geirssonar endurskoðanda. Gunnar fór yfir skýrslu Tryggva en engar alvarlegar athugasemdir eru í endurskoðunarskýrslunni. Stjórn heimilar undirritun ársreikningsins og verður hann lagður fyrir komandi ársþing.

##### **2. Starfsreglur stjórnar**

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að starfsreglum stjórnar. Afgreiðslu málsins vísað til nýrrar stjórnar.

##### **3. Ólympísk málefni**

Þórey Edda Elísdóttir fór yfir ólympísku verkefni sem framundan eru.

*EYOWF Vuokatti*

Búið er að fresta Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem átti að fara fram í desember nk. í Vuokatti í Finnlandi. Hátíðin hefur verið færð til marsmánaðar 2022.

*Ólympíuleikarnir í Tókýó*

Ekki er margt nýtt í stöðunni og enn er verið að gera ráð fyrir því að leikarnir verði haldnir.

##### **4. Fagsvið ÍSÍ**

Viðar Garðarsson formaður fagsráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins.

Þráinn Hafsteinsson formaður fagsráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir verkefni sviðsins.

##### **5. Minnisblað vegna stafræns skráningakerfis**

Lagt fram minnisblað vegna nýs stafræns skilakerfis ásamt tilboði frá Sportabler/Nóra og kostnaðaráætlun. Gunnar Bragason fór yfir stöðu mála. Í minnisblaðinu eru kynntir tveir valkostir, A og B. Stýrihópur ÍSÍ og UMFÍ leggur til að valkostur A verði valinn, þ.e. að ganga til samninga við Sportabler/Nóra um gerð starfsskýrsluskilakerfis.

Almennar umræður urðu um málið og töldu fundarmenn nauðsynlegt að tryggja hagsmuni hreyfingarinnar varðandi kostnað og verðhækkunarir. Búið er að taka minnisblaðið og tilboð Sportablar fyrir á stjórnarfundum hjá UMFÍ, og samþykkti stjórn UMFÍ að vinna áfram eftir valkost A skv. tillögu stýrihópsins.

Samþykkt samhljóða að veita forystu ÍSÍ heimild til að ganga til samninga, með vísan í framlagt minnisblað og fylgigögn. Nokkur atriði þarf að ræða nánar, m.a. að ef skilgátt verður gerð með fjármagni frá ÍSÍ og UMFÍ þá verði sú skilgátt án kostnaðar fyrir félög innan ÍSÍ og UMFÍ.

## 6. Samráðsvettvangur rafleikja

Lárus L. Blöndal forseti skýrði hugmynd að rafíþróttahópi þeirra sérsambanda sem hafa rafíþróttaleiki á sínum snærum, þ.e. leiki sem snúast um viðurkenndar íþróttgreinar innan vébanda ÍSÍ. Málið tengist tillögu um rafleiki sem framkvæmdastjórn ÍSÍ leggur fram á 75. Íþróttapingi ÍSÍ 7. maí nk. og verður væntanlega til umfjöllunar á áætluðu framhaldspingi ÍSÍ í haust. Tilgangurinn með tillögunni er að skilgreina hvað telst til rafíþróttar og hvað til rafleikja. Með skipan rafíþróttahópsins er ÍSÍ að skapa vettvang fyrir þau sérsambönd sem þegar eru komin af stað með rafíþróttaleiki og mótahald þar að lútandi.

Samþykkt að Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir verði formaður hópsins og að Viðar Garðarsson verði einnig meðlimur í hópnum. Haft verður samband við viðkomandi sérsambönd varðandi tilnefningar í hópinn.

Málþing ÍSÍ um rafleiki fer fram 3. maí næstkomandi sem fjarviðburður.

## 7. 75. Íþróttaping ÍSÍ 2021

Farið yfir fyrirkomulag þingsins. Fundað var með Advania í dag vegna tæknimála. Prufukeyrsla verður á þinginu 6. maí nk.

Farið yfir drög að tillögum framkvæmdastjórnar ÍSÍ til Íþróttapings. Samþykkt að setja fram eftirfarandi níu tillögur:

- Tillaga um stofnun nýrra sérsambanda
- Tillaga um breytingar á lögum ÍSÍ
- Tillaga um breytingar á þingsköpum ÍSÍ
- Tillaga um skráningarmál í íþróttahreyfingunni
- Tillaga um skilgreiningu á rafíþróttum
- Tillaga um Afreksstefnu ÍSÍ
- Tillaga um fjárhagsáætlun 2021-2022
- Tillaga um skiptingu á auka arðgreiðslu Íslenskrar getspár
- Tillaga um breytingar á skiptingu tekna frá Íslenskri getspá

Forseti er einn í kjöri til forseta embættisins og verður því sjálfkjörinn til næstu fjögurra ára. Ellefu framboð bárust í þau sjö sæti sem kosið verður um í framkvæmdastjórn. Frambjóðendum verður boðið að kynna sig á þinginu.

## 8. Málefni COVID-19

Líney fór yfir þær takmarkanir sem í gildi eru.

## 9. Erindi Klifurnefndar ÍSÍ

Lagt fram erindi frá Klifurnefnd ÍSÍ þar sem óskað er eftir stofnun sérsambands um klifuríþróttina. Mikil gróska hefur verið í íþróttinni síðastliðin ár.

Skrifstofu falið að afla upplýsinga til viðbótar við framlögð gögn, áður en ákvörðun verður tekin um stofnun sérsambands. 74. Íþróttaping ÍSÍ samþykkti að heimila framkvæmdastjórn ÍSÍ að stofna sérsamband um klifuríþróttina og verður óskað eftir því á 75. Íþróttapingi ÍSÍ 7. maí nk. að framlengja þá heimild.

## 10. Aðalfundur Íslenskrar getspár

Aðalfundur Íslenskrar getspár verður haldinn 26. apríl nk.

Samþykkt að tilnefna eftirtalda sem fulltrúa ÍSÍ á aðalfundinum:

Lárus L. Blöndal, Sigríður Jónsdóttir, Gunnar Bragason, Knútur G. Hauksson og Líney Rut Halldórsdóttir.

Samþykkt að tilnefna eftirtalda í stjórn Íslenskrar getspár:

Aðalmenn: Lárus L. Blöndal og Gunnar Bragason

Varamenn: Knútur G. Hauksson og Líney Rut Halldórsdóttir

## 11. Samnorræn meistaramótsvika

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ lagði fram minnisblað varðandi hugmyndir að samnorrænni meistaramótsviku. Frumkvæði verkefnisins kemur í gegnum ríkisfjölmiðla á Norðurlöndum. Engin ákvörðun liggur fyrir. Samþykkt að Andri verði áfram tengiliður við verkefnið.

## 12. Heiðranir

Samþykktar eftirfarandi tillögur um heiðranir:

Gullmerki ÍSÍ: Krístrún Guðjónsdóttur fyrir áralangt starf í stjórn HHF og stjórn Umf. Tálknafjarðar. Áætlað er að afhenda heiðursviðurkenninguna á ársþingi HHF 2021.

Gullmerki ÍSÍ: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir fyrir áralangt starf í þágu íþróttahreyfingarinnar, bæði á vettvangi ÍA sem og SSÍ.

## 13. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 304. fundur framkvæmdastjórnar
- 5. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ 2021
- Fundur Fjármálaráðs ÍSÍ frá 19. apríl 2021. **Samþykkt samhljóða að nýta heimildir um umsýslugjald sjóða samanber samninga þar um:**
  - **Ferðasjóður íþróttafélaga, 3 milljónir króna**
  - **Afrekssjóður ÍSÍ, 3 milljónir króna**
  - **Slysabótasjóður – samþykkt að loka sjóðnum 30. júní nk. og það sem eftir stendur þá fer í umsýslu.**

#### **14. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

#### **15. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 23. apríl nk. þar sem farið verður yfir lokaútgáfu tillagna og lagabreytinga fyrir Íþróttapingið.

#### **16. Önnur mál**

##### ***Ákall afreksíþróttafólks til ráðherra***

Umræður urðu um ákall afreksíþróttafólks til mennta- og menningarmálaráðherra um launagreiðslur og aukinn stuðning.

Fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks sem og þingsályktun um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum.

Forseti óskaði öllum gleðilegs sumars og þakkaði fyrir veturinn.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.